

## Minnisblað um fjarskiptamál á Vesturlandi

Víðast á Vesturlandi eiga íbúar kost á fullnægjandi nettengingum frá einkafyrirtækjum. Fjarskiptasjóður heldur lista yfir þá staði sem eru utan markaðssvæða einkaaðila og alls eru ríflega 150 staðir á Vesturlandi á þessum lista. Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptasjóði hefur öllum þessum aðilum verið boðin nettenging (>2 mb/s) þótt sumir hafi ekki þegið hana. Þar sem tengingarnar sem boðnar eru byggja oftast en ekki á örbylgju eða gervihnetti hefur þó ekki alltaf tekist að tryggja lágmarksgæði til notenda. Annað vandamál er að á stórum svæðum hafa íbúar ekki val um þjónustuaðila. Jafnvel þekkist að sveitarfélög hafi gert samning við tiltekin fyrirtæki um að veita netþjónustu og greiði hluta af kostnaðinum beint til fyrirtækisins. Þannig er með beinum hætti komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki eigi möguleika á að bjóða þjónustu sína á viðkomandi svæði. Einokunarstaða af því tagi getur ekki talist viðunandi nema þá aðeins að stjórnvöld hafi virkt eftirlit með verði og gæðum þjónustunnar. Á því hefur verið misbrestur og margir staðir í dreifbýli búa þess vegna ennþá við óviðunandi netsamband. Fjölmargir íbúar á Vesturlandi hafa haft samband við Landshlutasamtökin og lýst reynslu sinni af óviðunandi netsambandi. Ljóst er að ákveðin svæði, koma mjög illa út og á það sérstaklega við um svæði þar sem aðeins einn eða tveir einkaaðilar bjóða netþjónustu.

Könnun sem gerð var með grunn-, framhalds-, og háskóla á Vesturlandi sýndi að í flestum tilvikum eru nettengingar þeirra í lagi. Undantekning er Laugagerðisskóli á Snæfellsnesi. Auðarskóli í Dalabyggð er með aðgengi að FS-neti framhaldsskólana og lætur vel að því. Áhugavert væri að skoða hvort hægt væri að bjóða fleiri grunnskólum aðgengi að því neti. Rannsóknasetrin á Vesturlandi hafa misgóðar tengingar: Snorrastofa og Vör hafa lent í vandamálum með hraða og bilanatíðni en setrin í Stykkishólmi njóta góðs af tengingum sveitarfélagsins. Sveitarfélögin hafa yfirleitt góðar nettengingar. Undantekningar eru Eyja- og Miklaholtshreppur og eins virðast ákveðin vandamál í Dalabyggð og Snæfellsbæ. Ákveðin vandamál hafa líka verið í Snæfellsbæ en þar hefur verið misræmi milli þess sem söluaðilar þjónustunnar lofa og því sem síðar kemur í ljós.

Ljóst er að 3G netið hefur breytt mjög miklu fyrir netsamband á Vesturlandi. Það er þó misgott eftir svæðum og afar mikilvægt er að stoppa í þau göt sem eru á tengingum.

Í undirbúningi er að framkvæma heildarúttekt á stöðu fjarskiptamála á Vesturlandi. Víða hefur komið fram óánægja íbúa með þá þjónustu sem einkaaðilar bjóða og ítrekaðar umkvartanir virðast oftast en ekki litlu skila. Þessa markaðsbresti þarf að laga. Þá hefur einnig komið fram að sums staðar standa fjarskiptamál atvinnulífinu fyrir þrífum. Fyrirtæki hafa ekki aðgengi að miðlægum gagnagrunnum ss. bókunarkerfum og geta ekki sinnt fjármálum í heimabanka. Ferðamannastaðir geta ekki boðið gestum eðlilega þjónustu ss. algengar sjónvarpsstöðvar eða 3G netsamband. Mikilvægt er að ríkisvaldið veiti frekara fjármagni til að tryggja almennt aðgengi að þessari grunnþjónustu.

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Torfi Jóhannesson



Vegakerfið í Norðvesturkjördæmi:

Svona lítur vegakerfið út skv. vegaskrá 2009. Flokkunin í samræmi við nýju vegalögin, þ.e. héraðsvegir komnir inn og safnvegir út.

Vegakerfið 2009 eftir kjördæmum:

	Stofnvegir	Stofnvegir um hálandi	Tengivegir	Héraðsvegir	Landsvegir	Samtals		Eknir m.km.	
	km		km	km	km	km		2008	
Suður	1074	289	674	889	616	3542	27,5%	359	17,9%
Suðvestur	96		89	29		214	1,7%	987	49,2%
Reykjavík	66		13	36		115	0,9%		
Norðvestur	1825	119	1302	1353	429	5028	39,0%	389	19,4%
Norðaustur	1465	96	720	931	777	3989	31,0%	273	13,6%
	4526	504	2798	3238	1822	12888	100,0%	2008	100,0%
Vesturland	591	36	584	537	111	1859	14,4%		

Eftirfarandi töflur eru úr skýrslu Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar 2008. Þarna er vegakerfið hins vegar flokkað skv. gömlu vegalögunum. Set þetta fram til að sýna hlutfall bundinna slitlaga í mismunandi vegflokkum og eftir kjördæmum. Á ekki tölur fyrir 2009.

Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2008.


Kjördæmi	Stofnvegir		Tengivegir		Safnvegir		Landsvegir		Samtals	
	km	%	km	%	km	%	km	%	km	%
Suðurkjördæmi	936	22,1	1.107	27,7	560	25,0	968	37,4	3.571	27,4
Suðvesturkjördæmi	121	2,9	96	2,4	33	1,5	14	0,5	264	2,0
Reykjavík	72	1,7	11	0,3	24	1,1	8	0,3	115	0,9
Norðvesturkjördæmi	1.756	41,6	1.749	43,7	965	43,1	626	24,1	5.096	39,0
Norðausturkjördæmi	1.339	31,7	1.036	25,9	655	29,3	972	37,6	4.002	30,7
Samtals	4.224	100,0	3.999	100,0	2.237	100,0	2.588	100,0	13.048	100,0

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvemig lengd bundinna slitlaga skiptist milli svæða Vegagerðarinnar ásamt hlutfallslegri skiptingu vegflokka.

Svæði	Stofnvegir		Tengivegir		Safn- og landsvegir		Alls	
	km	%	km	%	km	%	km	%
Suðursvæði	877	94,4	489	49,7	120	8,0	1.486	43,5
Suðvestursvæði	199	100,0	62	30,1	13	11,0	274	52,4
Norðvestursvæði	1.480	83,6	236	13,3	41	2,6	1.757	34,0
Norðaustursvæði	1.030	77,7	287	27,7	94	5,9	1.411	35,7
Samtals	3.586	84,9	1.074	26,9	268	5,6	4.928	37,8




Samkvæmt heimildum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. ( fjármálaráðuneyti).




Mynd 1: Þróun á skiptingu á samsetningu bensínverðs milli árána 2008 og 2012

	fe b.08	fe b.09	fe b.10	fe b.11	fe b.12	Hækkun á tímabili	
Skattar	Innkaupsverð krónur á lítra	42,90	35,50	66,85	77,30	94,78	120,94%
	Vörugjald	9,28	10,44	22,94	23,86	24,46	163,58%
	Flutningsjöfnunargjald	0,36	0,36	0,36	0,40	0,40	11,11%
	Bensíngjald (til veða)	32,95	37,07	37,07	38,55	39,51	19,91%
	Kolefnisgjald	0,00	0,00	2,60	3,80	5,00	31,58%
	Vsk.	27,08	28,42	40,61	43,96	50,33	85,87%
Álagning, flutningur oil.	25,03	32,61	29,42	28,48	33,22	32,70%	
<b>Útsöluverð - sjálfsafgreiðsla</b>	<b>137,60</b>	<b>144,40</b>	<b>199,85</b>	<b>216,35</b>	<b>247,70</b>	<b>80,01%</b>	
Skattar kr.	69,67	76,29	103,58	110,57	119,70	71,81%	
Skattar %.	50,63%	52,83%	51,83%	51,11%	48,33%		
Árskostnaður fjölsk.	275.200	288.800	399.700	432.700	495.400	80,01%	
Þar af skattur yfir ár	139.339	152.576	207.159	221.145	239.405	71,81%	


Tafla 1: Þróun á einstakra þátta í samsetningu bensínverðs milli árána 2008 og 2012




Mynd 2: Þróun á samsetningu bensínverðs milli árána 2008 og 2012




Mynd 3: Þróun á samsetningu bensínverðs milli árána 2008 og 2012



Mynd 4: Hlutfall skatta af útsöluverði milli árunna 2008-2012  
(Skattar: vörugjald, flutningsjöfnunargjald, bensíngjald, kolefnisgjald og virðisaukaskattur)



Mynd 5: Árskostnaður af rekstri bifreiða og skattgjöld af bensínkostnaði  
(Skattar: vörugjald, flutningsjöfnunargjald, bensíngjald, kolefnisgjald og virðisaukaskattur)



Mynd 6: Þróun á skiptingu á díselolíuverð milli árunna 2008 og 2012


	fe b.08	fe b.09	fe b.10	fe b.11	fe b.12	Hækkun á tímabili
Innkaupsverð krónur á lítra	49,40	41,10	69,10	89,00	104,96	112,47%
Oliugjald	41,00	46,12	52,77	54,88	56,25	37,20%
Flutningsjöfnunargjald	0,78	0,78	0,78	0,91	0,91	16,67%
Kolefnisgjald	0,00	0,00	2,90	4,35	5,75	32,18%
Vsk.	27,88	32,00	39,00	44,54	51,17	83,57%
Álagning, flutningur ofl.	22,59	42,60	33,60	25,52	32,80	45,16%
<b>Útsöluverð á díselolíu</b>	<b>141,65</b>	<b>162,60</b>	<b>198,15</b>	<b>219,20</b>	<b>251,84</b>	<b>77,79%</b>
<b>Skattar</b>	<b>69,66</b>	<b>78,90</b>	<b>95,45</b>	<b>104,68</b>	<b>114,08</b>	<b>63,78%</b>
Skattar %.	49,18%	48,52%	48,17%	47,76%	45,30%	
Árskostnaður fjölsk.	283.300	325.200	396.300	438.400	503.682	77,79%
Þar af skattur yfir ár	139.313	157.799	190.892	209.363	228.168	63,78%

Tafla 2: Þróun á einstakra þátta í samsetningu díselolíuverðs milli árunna 2008 og 2012







Mynd 7: Þróun á samsetningu díselolíuverðs milli árana 2008 og 2012




Mynd 8: Þróun á samsetningu díselolíuverðs milli árana 2008-2012



Mynd 9: Þróun á samsetningu díselolíuverðs milli árana 2008-2012



Mynd 10: Árskostnaður af rekstri bifreiða og skattgjöld af bensínkostnaði (Skattar: olúgjald, flutningsjöfnunargjald, kolefnisgjald og virðisaukaskattur)



Mynd 11: Árskostnaður af rekstri bifreiða og skattur af díselolíu  
 (Skattar: olíugjald, flutningsjöfnunargjald, kolefnisgjald og virðisaukaskattur)

